

Fundargerð á næstu síðu.

Fyrsti fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps,
þriðjudaginn 28. nóvember 2017.

Dagskrá:

1. Fara yfir meðlimi ráðsins (aðalmenn + varamenn)
2. Fara yfir hlutverk Ungmennaráðs.
Skoða Samþykkt fyrir Ungmennaráð Hrunamannahrepps + Handbók ungmennaráða
3. Ráðið kýs sér formann, varaformann og ritara
4. Ræða tillögur og hugmyndir að viðburðum fyrir Menningarmars
5. Önnur mál

Að formlegum fundi loknum verður borðað saman á Kaffi Grund.

Fundargerð fyrir fyrsta fund Ungmennaráðs Hrunamannaráðs, þriðjudaginn 28. nóv. kl. 17.00.

Fundurinn fór fram í húsnæði Félagsmiðstöðvarinnar Zero.

Mættir: Bartek, Brynja Sólveig, Kristjana, Anna Marý, Sigríður Helga, Óskar Snorri.

Auk Maju starfsmanns sem ritar þessa fundargerð.

Forfallaðir: Viktor Máni, Rúnar, Máni Snær.

1. Farið var yfir hverjir eru í ungmennaráðinu og sem fulltrúar hverja. Maja ætlar að kalla eftir því að fá varamann frá Flúðaskóla.

2. Samþykkt fyrir Ungmennaráð Hrunamannahrepps skoðuð. Rætt var um hlutverk þess og í hverju starfið felst. Allir sem mættir eru í dag voru einnig á kynningu á Handbók Ungmennaráða svo ekki var talið nauðsynlegt að skoða hana nánar á þessum fundi.

3. Sigríður Helga bauð sig fram til formanns og Bartek til varaformanns og var það samþykkt með lófaklappi. Rætt var um ritarastarfið og kosti og gall þess að vera með einn fastan ritara eða „flökkuritara“. Ákveðið var að Brynja tekur að sér ritarastarfið en ef hún forfallist, þá skiptast aðrir meðlimir ráðsins á að rita.

4. Hugmyndir fyrir Menningarmars:

Bíó-kvöld (þarf að koma fram að það sé á vegum ungmennaráðs).

Spilakvöld

Tónlistarkvöld (frjálst svið)

Karaoke-night

Menning ólíkra þjóða (kynnast menningu íbúa hreppsins frá mismunandi löndum)

Ball

5. Önnur mál:

Halda áfram með strætóskýlið og auka ferðir.

Óánægja með matartíma + bið eftir skólabíl.

Umhverfismál + frekari flokkun.

Ball (halda áfram með vinnuna síðan í fyrra í þeim málum).

Ákveðið að reyna að halda næsta fund í byrjun janúar. Formlegum fundi slitið kl. 17:55.

Farið á Kaffi Grund í mat.